



## MRCP (UK) Diploma – Upplýsingar um prófin

Til að hljóta framgang í sérnámi og ljúka fyrri stigi sérnáms í lyflækningum þurfa sérnámslæknar að hafa lokið þremur prófum og öðlast *Membership of the Royal Colleges of Physicians (UK) Diploma*. Fyrri tvö prófin eru skrifleg (MRCP part 1&2) en það þriðja verklegt (PACES – Practical Assessment of Clinical Examination Skills).

### **MRCP part 1&2**

Þessi próf eru á rafrænu formi og hægt að taka á netinu. Þau eru haldin fjórum sinnum á ári og þarf að skrá sig í prófið á ákveðnum tíma, yfirleitt um 2 mánuðum áður. MRCP part 1&2 eru samsett úr 2 x3klst blokk, hver blokk samanstendur af 100 fjölvalsspurningum („best of five“). Flestir nýta sér spurningabanka á netinu t.d. Pastest til að undirbúa sig.

- MRCP part 1 snýr meira að læknisfræðilegri þekkingu og grunnatriðum.
- MRCP part 2 prófar meira klínískan skilning og dómgreind.

Veitt er námsleyfi á prófdag og hægt er að taka út frí 2 daga fyrir próftökudag. Hægt er að nýta kjarasamningsbundin námsréttindi til að greiða próftökugjald og til að greiða fyrir spurningabanka til undirbúnings.

Allar upplýsingar má finna á heimasíðu MRCP-UK, þ.m.t. dæmi um spurningar, upplýsingar um skráningu og tímasetningar prófanna. [Heimasíða MRCP-UK](#)

## **PACES**

PACES er síðasta prófið en það er ekki hægt að taka á Íslandi. Allir í íslenska sérnáminu sem gengist hafa undir það próf hafa hingað til ferðast til Bretlands.

Prófið er verklegt og inniheldur fimm stöðvar. Á hverri stöð eru tveir prófdómarar og „sjúklingur“ eða „aðstandandi“. Það getur verið sjúklingur sem er fenginn til að taka þátt í prófinu (og hefur þannig raunverulega sjúkdóma og teikn við skoðun) eða „medical actor“. Um helmingur próftaka ná prófinu, það hlutfall er aðeins hærra meðal lækna sem starfa í Bretlandi. Yfirlit og tölfræði fyrir niðurstöður prófa má sjá [hér](#).


### Uppsetning prófsins

Uppsetningu prófsins var breytt árið 2023 og er sú uppsetning kölluð PACES23. Prófið tekur eftir sem áður um 125 mín og eru verkefni á stöðvunum fimm af þremur gerðum:

- **Examination (skoðun):** 6 mínútna skoðun á einu líffæraakerfi (hjarta- og æðakerfi, lungum, kviðarholi eða taugaskoðun) og 4 mínútna kynning á sjúklingi og umræður við prófdómara í kjölfarið. Hér fá próftakar enga sjúkrasögu, eingöngu aldur og ástæðu komu. Því þarf að geta fundið teikn við skoðun og myndað út frá þeim vinnugreiningu og mismunagreiningar sem og áætlun um uppvinnslu.
- **Communication (samskipti):** 10 mínútna samtal við sjúkling eða aðstandanda (oftast eru hér „medical actors“) sem getur falið í sér t.d. að færa slæmar fréttir, greina frá og útskýra mistök, útskýra nýja sjúkdómsgreiningu eða ræða meðferðarheldni. Ekkert samtal er við prófdómara á þessari stöð.
- **Consultation (klínískt viðtal):** 20 mínútna stöð þar sem próftaki fær 15 mínútur til að taka sögu og gera markvissa klíniska skoðun á sjúklingi og svo 5 mínútur til að kynna tilfellið og ræða vinnugreiningar, mismunagreiningar og uppvinnslu við prófdómara.

Þessi verkefni eru sett saman í eftirfarandi fimm 20 mínútna stöðvar (en próftakar geta byrjað á hvaða stöð sem er í prófinu):

- **Stöð 1:**  
Communication (10 mín)  
Examination (lungu) (10 mín)
- **Stöð 2:**  
Consultation (20 mín)
- **Stöð 3:**  
Examination (hjarta- og æðakerfi) (10 mín)  
Examination (taugaskoðun) (10 mín)
- **Stöð 4:**  
Communication (10 mín)  
Examination (kviðskoðun) (10 mín)
- **Stöð 5:**  
Consultation (20 mín)



PACES23 hringekjan. Sjá frekari upplýsingar [hér](#).

### Námsmat

Próftakar í PACES eru metnir m.t.t. sjö hæfniflokka (“skills”), og matsblöðin sem prófdómarar fylla út endurspeglar þá. Þessir sjö hæfniflokkar eru

- **A** Physical Examination
- **B** Identifying Physical Signs
- **C** Clinical Communication
- **D** Differential Diagnosis
- **E** Clinical Judgement
- **F** Managing Patients’ Concerns
- **G** Maintaining Patient Welfare

Á hverri stöð eru próftökum eru gefin 0 (unsatisfactory), 1 (borderline) eða 2 (satisfactory) stig í hverjum flokki. Þó eru þessir sjö hæfniflokkar flokkar ekki allir prófaðir á sömu stöð, nema í klínísku viðtölunum (consultation) og því er flest stig að fá fyrir þá stöð.

RESP

ROYAL COLLEGES OF PHYSICIANS OF THE UNITED KINGDOM  
MRCP(UK) PACES EXAMINATION - CLINICAL MARKSHEET (E2)  
STATION 1: Respiratory System Examination

Brief description of the case:

Please use pencil only

RCP CODE NUMBER  
[ ] [ ] [ ] [ ] [ ] [ ] [ ] [ ]  
c0 c0 c0 c0 c0 c0  
c1 c1 c1 c1 c1 c1  
c2 c2 c2 c2 c2 c2  
c3 c3 c3 c3 c3 c3  
c4 c4 c4 c4 c4 c4  
c5 c5 c5 c5 c5 c5  
c6 c6 c6 c6 c6 c6  
c7 c7 c7 c7 c7 c7  
c8 c8 c8 c8 c8 c8  
c9 c9 c9 c9 c9 c9

EXAMINATION NUMBER  
[ ] [ ] [ ] [ ] [ ] [ ]  
c0 c0 c0 c0 c0 c0  
c1 c1 c1 c1 c1 c1  
c2 c2 c2 c2 c2 c2  
c3 c3 c3 c3 c3 c3  
c4 c4 c4 c4 c4 c4  
c5 c5 c5 c5 c5 c5  
c6 c6 c6 c6 c6 c6  
c7 c7 c7 c7 c7 c7  
c8 c8 c8 c8 c8 c8  
c9 c9 c9 c9 c9 c9

CENTRE NUMBER  
[ ] [ ] [ ] [ ] [ ] [ ]  
c0 c0 c0 c0 c0 c0  
c1 c1 c1 c1 c1 c1  
c2 c2 c2 c2 c2 c2  
c3 c3 c3 c3 c3 c3  
c4 c4 c4 c4 c4 c4  
c5 c5 c5 c5 c5 c5  
c6 c6 c6 c6 c6 c6  
c7 c7 c7 c7 c7 c7  
c8 c8 c8 c8 c8 c8  
c9 c9 c9 c9 c9 c9

DO NOT WRITE IN THIS SHADED AREA

EXAMINER NUMBER  
[ ] [ ] [ ] [ ] [ ] [ ]  
c0 c0 c0 c0 c0 c0  
c1 c1 c1 c1 c1 c1  
c2 c2 c2 c2 c2 c2  
c3 c3 c3 c3 c3 c3  
c4 c4 c4 c4 c4 c4  
c5 c5 c5 c5 c5 c5  
c6 c6 c6 c6 c6 c6  
c7 c7 c7 c7 c7 c7  
c8 c8 c8 c8 c8 c8  
c9 c9 c9 c9 c9 c9

Examiner initials:  
Did candidate start at this station? Yes   
No   
Did you lead at this case? Yes   
No

Please record your judgement for this candidate's performance on each of the clinical skills noted below. Any award of an unsatisfactory or borderline mark <b>MUST</b> be accompanied by comments.				Enhanced Feedback
Clinical Skill	Satisfactory	Borderline	Unsatisfactory	Yes <input type="checkbox"/>
<b>Physical Examination (A)</b>	<input type="checkbox"/> - Professional technique of inspection, palpation, percussion and auscultation of the respiratory system - Correct, thorough, systematic, fluent	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> - Incorrect technique/examines through clothing - Omits important part/s of examination - Unsystematic; hesitant; lacking in confidence; unprofessional	
<b>Identifying Physical Signs (B)</b>	<input type="checkbox"/> - Identifies correct physical signs	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> - Misses important clinical signs - Finds signs which are not present	
<b>Differential Diagnosis (D)</b>	<input type="checkbox"/> - Constructs a sensible differential diagnosis, including the correct diagnosis	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> - Poor differential diagnosis - Fails to consider the correct diagnosis	
<b>Clinical Judgement (E)</b>	<input type="checkbox"/> - Applies appropriate and accurate clinical knowledge to determine a sensible and relevant management plan, including a timescale for this specific clinical situation	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> - Fails to apply appropriate and accurate clinical knowledge - Selects an inappropriate, incomplete or incorrect management plan for this specific patient	
<b>Maintaining Patient Welfare (G)</b>	<input type="checkbox"/> - Treats patient respectfully and sensitively, ensuring comfort, safety and dignity	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> - Causes patient physical or emotional discomfort - Jeopardises patient safety	

DO NOT WRITE IN THIS SHADED AREA

DO NOT WRITE IN THIS SHADED AREA

REDUSER REFERENCE: BRUKL10023

Dæmi um matsblað fyrir lungnaskoðunarstöð. Matsblöðin má finna [hér](#).

Til að standast prófið þarf ekki einungis að ná heildarstigafjölda heldur þarf að ná fullnægjandi stigafjölda í öllum hæfniflokkum. Flestir falla á “B Identifying Physical Signs” svo það er mjög mikilvægt að æfa skoðun og æfa sig í að finna teiknin snemma og sjá sem flesta sjúklinga með teikn.

Skill	Pass mark
A (Physical Examination Skills)	16/24
B (Identifying Physical Signs)	14/24
C (Clinical Communication Skills)	11/16
D (Differential Diagnosis)	15/24
E (Clinical Judgement)	20/32
F (Managing Patients' Concerns)	10/16
G (Maintaining Patient Welfare)	28/32
Overall Pass Mark	126/168

Hér má sjá yfirlit yfir hve mörg stig fást fyrir hæfniflokkana sjö og hve mörg stig þarf að ná í hverjum flokki til að ná prófinu en þetta getur þó verið breytilegt milli ára.

#### Praktísk mál

Hægt er að nýta kjarasamningsbundin námsréttindi til að greiða próftökugjald á sama hátt og með MRCP part 1&2. Margir hafa einnig sótt undirbúningsnámskeið til London, sérstaklega PassPACES námskeiðið (sjá frekari upplýsingar [hér](#)). Hægt er að nýta námsréttindi til að greiða slíkt námskeið.

Mikilvægt er að undirbúa sig vel og hafa sérnámslækna í lyflækningum stutt hvort annað í þessum undirbúningi. Flestum reynist vel að æfa sig í hóp og taka þátt í PACES æfingum og kennslu þegar slíkt er í boði s.s. færnibúðum og æfingaprófum.

Upplýsingar um skráningarferlið, tímasetningar og fleira má finna á [heimasíðu MRCP](#).